

REGLUR

AGANEFNDAR JÚDÓSAMBANDS ÍSLANDS

I. KAFLI - ALMENNT

1. gr.

GILDISSVIÐ

Reglur þessar gilda þegar aganefnd úrskurðar um kærur vegna brota samkvæmt II. kafla reglnanna og annarra brota samkvæmt III. kafla.

2. gr.

SKIPAN AGANEFNDAR

Aganefnd skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara, kosnum af ársþingi JSÍ til eins árs í senn. Skal einn nefndarmanna kosinn formaður nefndarinnar á sama þingi. Virkir keppendur og þjálfarar innan JSÍ geta ekki verið í kjöri til Aganefndar. Nefndin starfar samkvæmt reglum þessum og skulu allir nefndarmenn taka þátt í meðferð þeirra mála sem berast nefndinni. Nefndin er sjálfstæð í störfum sínum og ræður sjálf fram úr þeim álitamálum og ágreiningsefnum sem upp kunna að rísa í þeim efnum.

3. gr.

HÆFI NEFNDARMANNA

Nefndarmaður telst vanhæfur til að fara með mál ef:

- Hann er aðili máls eða fyrirsvarsmáður aðila.
- Hann hefur gætt hagsmuna aðila varðandi efni málsins eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu.
- Hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni.
- Hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með samahætti vegna ættleiðingar.
- Hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda aðila með þeim hætti er segir í lið d.
- Hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í lið d.
- Fyrir hendi eru önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, t.a.m. ef hann eða náinn skyldmenni eru félagsbundin aðila máls eða hann vanhæfur af öðrum ástæðum

Ef nefndarmaður er vanhæfur til að fara með mál, skal varamaður taka sæti. Ef allir varamenn eru einnig vanhæfir til að fara með mál skal stjórn JSÍ tilnefna nefndarmann til að fara með málið ad hoc.

4. gr.

AÐSETUR OG FUNDIR

Nefndin hefur aðsetur hjá JSÍ. Nefndin fundar án tafa þegar að mál hafa borist nefndinni, eigi síðar en vikur eftir að mál berst.

Nefndin skal halda gerðarbók þar sem færna skal inn meginefni þess sem fram kemur á fundum. Endurrit úr gerðarbók skal senda framkvæmdastjóra JSÍ til vistunar, einnig má afhenda þeim sem hafa lögvarinna hagsmuna að gæta. Nefndin úrskurðar um lögvarða hagsmuni samkvæmt þessu ákvæði.

5. gr.
ÚRSKURÐIR

Nefndin ræður málum til lykta með úrskurði. Úrskurðir nefndarinnar skulu kveðnir upp svo fljótt sem verða má eftir að gagnaöflun telst lokið og skulu þeir vera skriflegir og rökstuddir. Úrskurðir skulu undirritaðir af öllum nefndarmönnum.

Afl atkvæða ræður úrslitum máls. Þess skal getið í úrskurði hvort allir nefndarmenn eru sammála niðurstöðu. Ef nefndin er ósammála um niðurstöðuna skal getið um það hvaða atriði nefndarmenn eru ósammála um. Heimilt er þeim nefndarmanni sem er í minnihluta að skila sératkvæði.

Í úrskurðum skal eftirfarandi að lágmarki koma fram:

- a. hverjir séu aðilar máls,
- b. kröfugerð og reifun málavaxta,
- c. helstu málsástæður og röksemdir málsaðila,
- d. rökstuðningur og niðurstaða nefndarinnar,
- e. sératkvæði minnihluta, ef um slíkt er að ræða.

Nefndin sendir málsaðilum staðfest endurrit úrskurða jafnskjótt og þeir hafa verið kveðnir upp. Heimilt er að senda úrskurði með tölvupósti. Eftir að úrskurðir hafa verið birtir aðilum máls með sannanlegum hætti, lætur nefndin lætur birta úrskurði sína á heimasíðu JSÍ. Skal það gert eigi síðar en 1 mánuði eftir að úrskurðurinn var birtur aðilum málsins.

II. KAFLI – KÆRUMÁL

6. gr.
LÖGSAGA

Aganefnd úrskurðar um kærur sem berast vegna skilgreindra brota á mótum samkvæmt 9. gr., bæði mótum sem mótanefnd JSÍ skipuleggur og öðrum mótum sem félög og sambönd innan JSÍ standa fyrir.

Aganefnd úrskurðar jafnframt um kærur sem berast vegna brota á lögum og reglugerðum JSÍ að öðru leyti, svo sem mótareglum, leikreglum, gráðureglum og siðareglum (judo moral codes).

7. gr.
AÐILD

Félagi eða keppandi, eða forráðamaður hans ef hann er ólögráða, þjálfari, félag, fyrirsvarismaður félags, héraðsráð og sérráð, sem hafa hagsmuni af úrlausn um ætlað brot, sbr. 6. gr., eiga rétt á að leggja fram kæru til aganefndar. Sá telst hafa hagsmuni samkvæmt þessu ákvæði sem misgert hefur verið við, eða sýnir að öðru leyti fram á að hann hafi hagsmuni af því að leyst verði úr kæru hans. Aganefnd leysir sjálf úr því hvort aðili hafi hagsmuni af úrlausn málsins. Teljist aðili ekki hafa slíka hagsmuni, skal aganefndin vísa kærinni frá.

Sá sem kærir telst sóknaraðili máls. Sá sem kæra beinist að, eða sá sem getur að öðru leyti sýnt fram á að hann hafi gagnstæða hagsmuni af úrlausn málsins, telst varnaraðili þess. Ákvæði 2. mgr. greinar þessarar á einnig við um varnaraðila máls að breyttu breytanda.

Aðila máls er heimilt að fela umboðsmanni að gæta hagsmuna sinna fyrir aganefndinni. Telji nefndin að hætta sé á að málstaður einhvers aðila verði fyrir spjöllum vegna þess að hann er ekki fær um að

koma sínum sjónarmiðum að í málinu, getur formaður hennar tilkynnt slíkt til formanns JSÍ sem getur þá skipað slíkum aðila talsmann í viðkomandi máli.

8. gr.

UM KÆRUR

Kæra til aganefndarinnar skal vera skrifleg, undirrituð af aðila máls eða umboðsmanni hans og berast nefndinni ásamt fylgigögnum í 4 eintökum. Þá skal eftirfarandi tilgreint í kæru:

- a. Nafn sóknaraðila (kæranda), kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang.
- b. Nafn varnaraðila (kærða), kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang.
- c. Nafn fyrisvarsmanns kæranda og kærða, ef um er að ræða, ásamt þeim upplýsingum er greinir í a. og b. lið.
- d. Þær kröfur sem gerðar eru og skal sú lýsing vera bæði gagnorð og skýr.
- e. Lýsing helstu málavaxta.
- f. Tilvísun til þeirra laga og reglugerða, sem byggt er á í málinu.
- g. Lýsing á helstu röksemdum sem sóknaraðili færir fyrir kæru sinni.
- h. Upptalning á þeim gögnum er fylgja kæru.
- i. Upptalning á þeim einstaklingum sem sóknaraðili telur að borið geti um atvik málsins, sem kærandi óskar að kalla til skýrslutöku.

9. gr.

SKILGREIND BROT Á MÓTUM

Aganefnd úrskurðar um eftirfarandi brot á mótum, sbr. 6. gr. reglna þessara:

- a. Óþrúðmannleg hegðun á júdmóti.
- b. Ódregilegt eða óíþróttamannslegt atferli að öðru leyti, svo og atferli og hegðun sem gengur gegn eðli og anda Júdo.
- c. Að láta sér um munn fara meiðandi ummæli um þátttakendur, áhorfendur, dómara eða aðra starfsmenn mótsins, eða sýna af sér óþrúðmannlega hegðun gagnvart þessum aðilum að öðru leyti.
- d. Að yfirgefa keppnisvöll um skemmri eða lengri tíma án þess að hafa gildar og réttlætanlegar ástæður.
- e. Að beita keppanda, dómara, starfsmann móts eða áhorfanda ofbeldi.
- f. Þegar félagslið eða -sveit yfirgefur leikvöll í mótmælaskyni eða neitar að halda keppni áfram.
- g. Vítaverð eða hættuleg framkoma áhangenda eða félagsmanna liðs sem áhorfenda á móti, gagnvart keppendum, dómurum eða öðrum starfsmönnum móts.

10. gr.

VIÐURLÖG VIÐ BROTUM

- a. Ef keppandi hefur gerst brotlegur samkvæmt a. – d. liðum 9. gr., án þess að hljóta áminningu dómara, eða ef keppandi er í annað skipti á sama keppnistímabili áminntur af dómara vegna slíkra brota án þess að vera vísað af leikvelli, skal aganefnd veita honum áminningu, munnlega eða skriflega.
- b. Ef keppanda er vísað af leikvelli fyrir brot samkvæmt a. – d. liðum 9. gr., getur aganefnd refsað honum með leikbanni sem telur fjölda móta á vegum JSÍ, að lágmarki eitt mót og að hámarki 10 mót. Heimilt er að taka tillit til þess til lengingar leikbanns að þessu leyti ef um endurtekin brot er að ræða eða brot er sérstaklega alvarlegt.
- c. Ef dómarar hafa vikið keppanda af keppnisvelli fyrir brot samkvæmt e. lið 9. gr., skal honum refsað með leikbanni sem telur a.m.k 5 mót á vegum JSÍ. Ef um endurtekið brot er að ræða

skal tekið tillit til þess til lengingar leikbanns. Teljist brot mjög alvarlegt er heimilt að refsa keppanda með lífstíðarleikbanni.

d. Refsing fyrir brot gegn f. lið 9. gr. getur verið brottrekstur úr félagsliðs – eða sveitar úr keppni, stigatap, eða leikbann allra keppenda félagsliðsins eða -sveitarinnar. Við ákvörðun lengdar á keppnisbanni styðst Aganefnd við lið b. í 10 gr. Reglna um Aganefnd.

e. Ef sannað er að þeir sem brotið hafa gegn g. lið 9. gr. eru félagsmenn liðs eða áhangendur þess, er heimilt að svipta félagsliðið eða -sveitinni rétti til að halda áfram mótinu eða stigum.

11. gr.

FRESTIR

Kæur vegna kærumála skulu berast aganefnd innan 14 almanaksdaga frá því að brot það eða atvik, sem kært er, átti sér stað. Berist kæran eftir að þau tímamörk eru liðin vísar nefndin kærinni frá.

Sé kærumáli vísað frá vegna formgalla hefur sóknaraðili þriggja daga frest til að leggja fram nýja og bættu kæru til nefndarinnar. Frestur telst byrja að líða þegar frávísun berst sóknaraðila.

12. gr.

UPPHAF MÁLA

Mál telst höfðað þegar kæra berst skrifstofu JSÍ og á sóknaraðili rétt á staðfestingu á móttöku kærunnar. Kæra telst hafa borist skrifstofu JSÍ í þessum skilningi þegar hún er send með tölvupósti á uppgafið netfang aganefndarinnar á heimasíðu JSÍ og nefndin hefur staðfest móttöku á tölvupóstinum.

Áður en málið er tekið efnislega fyrir af aganefnd skal hún taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar séu á kæru sem varði frávísun hennar með úrskurði. Heimilt er nefndinni að kveða upp úrskurð um frávísun kæru utan reglulegra funda.

Verði kæru ekki vísað frá skal hún tekin fyrir á næsta fundi aganefndarinnar til efnislegrar meðferðar. Nefndin skal senda varnaraðila kærana ásamt fylgigögnum án tafar og með sannanlegum hætti, ásamt áskorun um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu.

Varnaraðila skal gefinn allt að 7 daga frestur til að skila greinargerð í málinu og skal hún fullnægja sömu kröfum og fram koma í 8. gr. eftir því sem við getur átt. Þegar öll gögn málsins hafa borist nefndinni skal nefndin taka ákvörðun um málsmeðferðina.

13. gr.

MÁLSMEDFERÐ

Mál eru að jafnaði flutt skriflega fyrir nefndinni. Nefndin ákveður hvort kveða skuli upp úrskurð á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, hvort þörf sé á viðbótargögnum og hvort þörf sé að taka vitna- eða aðilaskýrslur áður en úrskurður er kveðinn upp. Þá tekur nefndin ákvörðun um annað það sem þörf er á varðandi meðferð málsins, svo sem um veitingu fresta til öflunar viðbótargagna ef um það er að ræða.

Heimilt er nefndinni að leyfa aðilum að flytja mál munnlega fyrir nefndinni. Það skal þó að jafnaði aðeins gert telji nefndin líkur á að það horfi til frekari skýringar á málinu.

Telji nefndin augljóst við skoðun á kæru, að brotið hafi verið gegn lögum og reglum JSÍ, getur hún ákvarðað flýtimeðferð máls. Skal þá beint til varnaraðila að upplýsa innan sólarhrings hvort hann

hyggist halda uppi vörnum í málinu og hverjar þær séu. Komi engar varnir fram eða nefndin telur þær bersýnilega tilgangslausar, er heimilt að kveða uppúrskurð án tafar

14. gr.

UPPKVAÐNING ÚRSKURÐA

Aganefnd skal kveða upp úrskurð í máli eins fljótt og verða má eftir að gagnaöflun hefur verið lýst lokið og málið tekið til úrskurðar. Leitast skal við að kveða upp úrskurð innan viku frá því að málið var tekið til úrskurðar.

Úrskurðir aganefndar taka gildi við uppkvaðningu þeirra eða samkvæmt úrskurðarorði sé þar tilgreind önnur tímasetning.

III. KAFLI – ÖNNUR BROT

15. gr.

ÖNNUR BROT

Aganefndin úrskurðar um atriði sem kunna að koma fram á leikskýrslum dómara um júdómót, bæði mótum sem mótanefnd JSÍ skipuleggur og öðrum mótum sem félög og sambönd innan JSÍ standa fyrir.

Stjórn og framkvæmdastjóra JSÍ er heimilt að vísa til aganefndarinnar atvikum sem skaðað geta ímynd Júdíþróttarinnar. Um getur verið að ræða hvers kyns ósæmleg framkoma á leikstað, sem hefur þá ekki komið fram á leikskýrslum dómara, eða á annan hátt opinberlega.

Aganefnd er heimilt að taka fyrir mál, sem ekki falla undir II. kafla reglna þessara, en nefndin telur heyra undir valdsvið sitt engu að síður ef t.d. ef keppendur, þjálfarar eða júdóklúbbar gerast sýna af sér háttsemi andstæða anda og eðli Júdíó utan móta. Að jafnaði skulu slík mál einungis tekin fyrir að því tilskildu að því hafi verið beint til nefndarinnar af þeim sem geta átt aðild samkvæmt 1. mgr. 7. gr. Þó er nefndinni í undantekningartilvikum heimilt að taka mál upp að eigin frumkvæði telji hún brýna þörf á. Að jafnaði skal nefndin ekki taka fyrir mál samkvæmt þessari málsgrein nema það teljist hafa verulega þýðingu að úr því sé leyst. Aganefndin leysir sjálf úr því hvort það teljist hafa verulega þýðingu að úr máli sé leyst í þessum skilningi, en í þeim efnum skal nefndin m.a. hafa til hliðsjónar það ætlaða brot eða atvik sem um ræðir, alvarleika þess og fordæmisgildi; Þá aðila sem það snertir, þ.á m. hve marga; Þá hagsmuni sem undir eru í málinu og hvort hið ætlaða brot eða atvik sé þess eðlis að það snerti kjarna eða eðli Júdíþróttarinnar. Aganefnd skal taka fyrir mál af þessum toga sem berast frá stjórn JSÍ, Tækniráði eða öðrum nefndum og ráðum á vegum JSÍ.

Telji nefndin mál ekki heyra undir sig samkvæmt þessu ákvæði, vísar hún því frá. Ekki er heimilt að bera það mál undir nefndina að nýju.

16. gr.

FRESTIR

Frestur til að bera mál undir aganefndina samkvæmt þessum kafla er 7 almanaksdagar frá því að brot eða atvik átti sér stað. Eða upplýsingar um hátternið var upplýst þartil bærum aðilum s.s stjórn JSÍ, Tækniráði eða öðrum þeim aðilum sem eru til þess bærir að bera fram kæru til Aganefndar

17. gr.

MÁLSMEDFERÐ

Að frátöldum þeim sérrákvæðum sem gilda um meðferð mála samkvæmt þessum kafla, skal um meðferð þeirra fara eftir öðrum köflum reglna þessara.

18. gr.

VIÐURLÖG

Viðurlög vegna brota vegna þessum kafla, hvort heldur sem um er að ræða einstakling eða félag, geta falist í:

- a. Áminningu.
- b. Leikbanni.
- c. Gráðusviptingu
- d. Útilokun frá íþróttinni í skemmri eða lengri tíma eftir eðli máls.

Aganefndin skal setja sér reglur um beitingu viðurlaga samkvæmt þessu ákvæði.

IV. KAFLI - ÝMIS ÁKVÆÐI

19. gr.

LYFJAEFTIRLIT

Með mál vegna ætlaðrar lyfjamisnotkunar skal farið með samkvæmt reglugerð ÍSÍ um lyfjaeftirlit.

20. gr.

ÁFRÝJUN

Úrskurðum aganefndar verður ekki áfrýjað, nema um sé að ræða keppnisbann sem er lengra en 1 ár. Þá getur sá sem fær slíkan úrskurð skotið máli sínu til viðkomandi dómstóls Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.

21. gr.

RANGIR ÚRSKURÐIR

Ef í ljós kemur að kveðinn hafi verið upp bersýnilega rangur úrskurður, svo sem vegna villandi eða rangra upplýsinga í skýrslu dómara, rangrar eða ófullnægjandi skráningar eða ef rangar upplýsingar hafa borist aganefndinni, þá skal nefndin við fyrsta tækifæri halda aukafund og leiðrétta úrskurð sinn eða kveða upp nýjan.

22. gr.

TILHÆFULAUSAR KÆRUR OG MÁLSSKOT

Komi í ljósi að máli, hvort heldur sem er samkvæmt II. eða III. kafla hafi verið vísað til nefndarinnar, þrátt fyrir að bersýnilegt sé að ekkert tilefni hafi verið til, er aganefndinni heimilt að áminna þann sem vísaði málinu til nefndarinnar. Skal slík áminning kveðin upp með úrskurði samkvæmt 5. gr. Ef um ítrekað athæfi er að ræða er heimildt að beita meira íþyngjandi viðurlögum.

23. gr.

GILDISTAKA

Reglugerð þessi var samþykkt af stjórn JSÍ 12. mars 2020 og öðlast þegar gildi.